

RANNSÓKNIR Á LAXASTOFNI FLEKKUDALSÁR 1992.
Framvinduskýrsla.


Sigurður Már Einarsson

Borgarnesi, júlí 1993

VMST-V/9301
V/9301

Eintak bókasafns

VMST-V/93010



VEIÐIMÁLASTOFNUN
Vesturlandsdeild

INNGANGUR

Hr verður gerð grein fyrir rannsóknum á laxastofni vatnsvæðis Kjallakstaðaár sumarið 1992, en rannsóknir með svipuðu sniði hafa árlega farið fram undanfarin ár. Þessar athuganir hafa sem fyrr einkum beinst að því að kortleggja sveiflur á seiðastofnum árinnar eftir svæðum og bregðast við með fiskræktaraðgerðum ef ástæða hefur þótt til. Þannig hefur undanfarin ár þótt ástæða til að sleppa summaröldum laxaseiðum á svæði þar sem burðargeta árinnar hefur ekki verið fullnýtt og í ljósi fremur slakrar laxveiði undanfarin ár hefur gönguseiðum jafnframt verið sleppt síðustu árinnar til að efla laxgengd í ána.

Ennfremur hefur verið reynt að afla sem bestra upplýsinga um þann lax sem gengur á hverju ári með töku hreistursýna og lagt mat á árangur ræktunar.

AÐFERÐIR

Aðferðum við rannsóknir hefur ítarlega verið lýst í fyrri skýrslum og er hér vitnað til þeirra.

HREISTURSATHUGANIR

Alls bárust 128 sýni til rannsóknar og reyndust 119 þeirra læsileg.

Smálax (eitt ár í sjó) einkenndi veiðina og reyndist 88,2% sýnanna, en stórlax (2 ár í sjó) 11,8%. Alls fundust 3 sýni af löxum sem voru að koma í annað sinn til hrygningar eða 2,5% sýnanna.

Aldur í ferskvatni reyndist sá að 16,8% var eins árs gönguseiðum og tveggja ára gönguseiði höfðu 6,7% hlutdeild. Meiri hluta sýnanna var af fjögurra ára seiðum (42,9%), en þriggja ára seiði höfðu 18,5% hlutdeild og 5 ára seiði 13,4% hlutdeild.

Með greiningu á hreistursýnum er unnt að flokka lax eftir uppruna með nokkru öryggi. Niðurstöður urðu þær að náttúrulegt klak árinnar reyndist vera 72,2% af sýnafjöldanum. Lax uppruninn úr sleppingum sumaralinna seiða var 10,1% sýnanna og lax uppruninn sem gönguseiði var 17,6% sýnanna.

Skipting sýnanna ef hún er yfirlæst á veiðina í heild í ánni (Mynd 1) sýnir að eigin framleiðsla árinna gaf 189 laxa, smáseiðasleppingar 27 laxa og gönguseiðauppruni 46 laxa. Laxar af gönguseiðauppruna geta hvort sem er verið úr sleppingum gönguseiða í ána eða verið flækningar úr hafbeit. Þess má geta að einn veiðiuggaklipptur lax kom fram í Flekkudalsá og var hann upruninn frá sleppinga í hafbeit í íslax í ísafjarðardjúpi. Árið 1991 reyndist almennt vera miklar villur á hafbeitarlaxi en þær virtust minnka mikið árið 1992.

Erfitt er að meta árangur gönguseiðasleppinga í vatnakerfið, þar sem ekki er hægt í hreistri að greina á milli sleppinga í hafbeitt og sleppinga til fiskræktar, en þór er ljóst að hátt í 50 laxar veiddust af sílum uppruna. Nauðsynlegt er að hefja merkingar gönguseiða á ný til að meta árangur með öryggi.

SEIÐAFRAMLEIDSLAN

Farnar voru tvær ferðir í vatnakerfið í september. Veitt var í Flekkudalsá á efstu stöð þar sem slóði endar, við Stafnsrétt, Hallstaði, ofan Gullfoss og í Kjallakstaðaá fyrir ofan brú. Í Tunguá var veitt ofan Selgils, neðan Galtardals og fyrir ofan brú.

Í Tunguá er ljóst að slepping fremst í ána 1991 tókst mjög vel og fundust þar eins árs sleppiseiði í þéttleikanum 22 seiði í einni yfirferð á 100 fm. Seiðin voru að meðaltali 8,5 sm. Lítið var um náttúruleg seiði á þessu svæði.

Við Galtardal fannst klak í fyrsta sinn um árabil og mikið var af sleppiseiðum af nokkrum árgöngum, en mjög erfitt er orðið að aðgreina seiði af náttúrulegu klaki frá sleppingum. Þéttleiki seiða var um 15 seiði í einni yfirferð á 100 fm sem er mesti þéttleiki sem þar hefur mælst um árabil. Fyrir ofan brú var þéttleiki hins vegar lítill í ánni og þarf að sleppa á neðri hluta árinnar.

Í Flekkudalsá fremst hefur tekist að koma af stað nýtingu með sleppingum sumarseiða en þar hófust sleppingar 1991. Þéttleiki seiða var þar um 9 seiði á 100 fm sem er mun meira en þar hefur áður veiðst.

Við Staðarrétt fundust bæði slepping frá 1991 og 1992 og var heildarþéttleikinn um 5 seiði á 100 fm.

Við Hallstaði var þéttleikinn 16 seiði á 100 fm sem er miklu meira magn en undanfarin ár. Klak fannst við Hallstaði en það hefur ekki fundist um árabil.

Fyrir ofan Gullfoss var ennfremur mesti þéttleiki sem þar hefur fundist um árabil eða 25 seiði á 100 fm. Þar fannst ennfremur klak frá hrygningu 1991.

Fyrir ofan brú var þéttleiki stórra seiða verulegur eða um 10 seiði á 100 fm.

Almennt séð hefur ástand árinnar hvað seiðastofna varðar batnað verulega frá undanförnum árum og virðast sleppingar sumarseiða skipta þar miklu máli.

UMRÆDUR

Undanfarin ár hafa verið fremur rýr hvað laxveiði snertir. Þar skipa umhverfisáhrif til lands og sjávar hvað mestu máli og er sjávarumverfið sennilega mikill áhrifapáttur. Vatnasvæði Flekkudalsár er viðkvæmt og ljóst að framleiðslugeta þess hefur ekki verið fullnýtt sum árin. Við þessu hefur verið brugðist með sleppingum sumaralinna seiða og gönguseiða og er ræktunarinnar farið að gæta í laxveiði.

Mælt er með því að þeirri áætlun sem notuð hefur verið verði áfram fylgt í stórum dráttum. Hvað sumaralin seiði er lagt til að sleppt verði á efri hluta árinnar frá Hallstöðum og upp úr og í Tunguá verði dreift í alla ána.

Tilraunir með sleppingu gönguseiða verði haldið áfram en seiðin verði merkt til að meta árangur. Veiðimálastofnun létt pannig merkja 2000 seiði í ána vorið 1993 m.a. til að kanna hvort fiskurinn komi fram á öðrum vatnasvæðum í hafbeitarstöðvum.

1. Mynd: Skipting laxveiði í Flekkudalsá eftir uppruna lax.

FLEKKUDALSÁ

Skipting veiði eftir uppruna

